

Mál nr. 398/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Sjúkra- og slysatrygging.

Nafn vátryggðs: X

Sönnun tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. nóvember 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 19. desember 2022, ásamt fylgiskjöllum.
3. Tölvupóstur M, dags. 10. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að X hafi dottið við veiðar hinn 6. september 2019 og hlotið rifu í liðþófa sem hafi leitt til óvinnufærni hans 5. september 2021. M telur að réttur til bóta tímabundinn missi starfsorku úr sjúkra- og slysatryggingu sé fyrir hendi vegna óvinnufærni X.

M bendir á að einungis sé gerð krafa um bætur vegna tímabundins missis starfsorku og tjón hafi komið til eftir að hann gekkst undir aðgerð hjá bæklunarskurðlækni eftir að hafa áður sótt sjúkraþjálfun og meðferð hjá öðrum lækni.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að tjónið var tilkynnt 27. september 2021 eða um tveimur árum eftir það atvik sem M telur að hafi leitt til tjónsins og að í læknisfræðilegum gögnum komi fram að X hafi fyrst leitað til læknis 25. febrúar 2021. Einnig bendir V á að ítrekað hafi verið leitað eftir upplýsingum frá læknum og sjúkrastofnunum vegna X án árangurs. V bendir á að læknisvottorð bæklunarlæknis dags. 12. október 2022 sýni ekki með skýrum hætti að óvinnufærni sé rakin til tjónsatburðar 6. september 2019 og ekki liggi fyrir samtímagögn vegna atviksins eða upplýsingar frá sjúkraþjálfara. Þannig telur V ósannað að ætluð óvinnufærni X sé hægt að rekja til þess atviks sem hann tilkynnti til V og átti sér stað hinn 6. september 2019.

Í viðbótarthugasemdum X vegna málskotsins dags. 10. janúar 2023 kemur fram að X kveðst hafa leitað meðferðar fyrst hjá sjúkraþjálfara vegna tjónsatviksins og lögð hafi verið fram gögn frá bæklunarlækni sem framkvæmdi aðgerð á X. Auk þess vísar X til þess að hann hafi svarað öllum tölvupósti V og hafi félagið átt að leiðbeina honum frekar ef þær upplýsingar væru ekki fullnægjandi.

Álit.

Ágreiningur er um rétt M til greiðslu bóta vegna óvinnufærni X. Í tjónstilkynningu er vísað til þess óvinnufærni tengist tjónsatviki sem átti sér stað 6. september 2019. Þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu sýna ekki með skýrum hætti að óvinnufærni X sé tilkomin vegna þess atviks. Sönnunarbyrði um það ber M og verður að bera hallann af sönnunarskorti. Af þeim gögnum sem M leggur fram verður ekki ráðið að V hafi vanrækt að upplýsa M um hvaða gögn þyrfti að leggja fram til að bætur greiddust, auk þess sem sýnt er að V reyndi að afla læknisfræðilegra gagna án árangurs. Eins og málið liggur fyrir nefndinni er því ekki unnt að fallast á að M eigi rétt á bótum úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir